

## Aðalfundur FVB 22. mars 2019

Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara var haldinn á Grand Hótel föstudaginn 22. mars 2019 kl. 17:00.

Sævar Benediktsson, í fjarveru formanns, Margrétar V. Friðþjófsdóttur, setti fundinn kl. 17:05.

### 1. Kosning fundarstjóra

Sævar lagði til að Guðrún Barbara Tryggvadóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Guðrún Barbara tók við fundarstjórn.

### 2. Tilnefning fundarritara og tveggja atkvæðateljara

Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og kynnti dagskrá (sjá [hér](#)). Þá lagði fundarstjóri til að Aðalheiður Rúnarsdóttir myndi rita fundinn og var það samþykkt með lófataki. Þá óskaði fundarstjóri eftir atkvæðateljurum. Guðborg Eyjólfssdóttir og Marta Haraldsdóttir buðu fram krafta sína og voru samþykkt með lófataki.

### 3. Skýrsla stjórnar

Hrefna Díana Viðarsdóttir, ritari félagsins, flutti skýrslu stjórnar í fjarveru formanns, sjá fylgiskjal nr. 1.

Í skýrslunni kom fram að starfsemi félagsins var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2018. Má sérstaklega nefna vinnu við nýja persónuverndarstefnu sem Facto ehf. vann fyrir félagið. Einnig var vinna við nýjan vef félagsins fyrirferðarmikil, en félagið tók tilboði Tónaflóðs í gerð nýs vefjar félagsins.

Engar umræður voru um skýrsluna og fundarstjóri bar hana upp til samþykktar. Var skýrslan samþykkt samhljóða.

### 4. Ársreikningur félagsins fyrir 2018

Inga, starfsmaður félagsins, kynnti ársreikning félagsins í fjarveru gjaldkera. Var ársreikningur félagsins áritaður af skoðunarmönnum án athugasemda, sjá fylgiskjal nr. 2.

Í **rekstrarreikningi** kom fram að tekjur ársins lækkuðu úr kr. 11.756.600 árið 2017 í kr. 11.408.300 árið 2018. Gjöld jukust á milli ára, fóru úr kr. 10.469.287 árið 2017 í kr. 12.644.702 árið 2018. Fjármunatekjur voru kr. 102.590 og tap ársins 2018 var því kr. 1.133.815, á móti kr. 1.450.064 hagnaði ársins á undan. Samkvæmt **efnahagsreikningi** voru skuldir og eigið fé kr. 5.259.441 í lok árs 2018, í stað kr. 5.613.830 árið á undan.

Nokkrar umræður urðu um reikningana. Spurt var um liðina *Vefsíða* og *Aðkeypt þjónusta* undir liðnum Annar rekstrarkostnaður. *Vefsíða* er kostnaður vegna nýju vefsíðunnar. *Aðkeypt þjónusta* er kerfisstjóri vefjar félagsins og þjónusta Facto ehf. Spurt um eignfærslu vefjar og því svarað til að það kom ekki til tals þetta ár. Spurt um aðgreiningu á launum og launum v. stjórnar og nefndarkostnaði.

**Comment [1]:** Vefur er orðlo sem er notað um allan vefinn. Heimasíða á bara við um upphafssíðu vefjarins, svona eins og forsiða á dagblaði.

Kom fram að um er að ræða laun starfsmanns annars vegar og greiðslur vegna stjórnar- og nefndasetu hinsvegar.

Fleiri voru fyrirspurnir ekki og þá bar fundarstjóri ársreikning félagsins undir atkvæði. Var hann samþykktur einróma.

#### 5. Skýrslur nefnda og umræður um þær

Magdalena Lára Gestsdóttir, fulltrúi FVB í prófanefnd efnahags- og viðskiptaráðuneytis, flutti skýrslu sína, sjá fylgiskjal nr. 3. Kom fram í máli hennar að 76 einstaklingar, 16 karlar og 60 konur, útskrifuðust 14. mars 2019 sem viðurkenndir bókarar. Með Magdalenu í prófanefnd sátu Elva Ósk Wíum fyrir ráðuneytið og Einar Guðbjörnsson fyrir háskólasamfélagið.

Klara Sigurbjörnsdóttir flutti skýrslu fræðslunefndar, fylgiskjal nr. 4.

Engin skýrsla var frá laga-, samskipta- og aganefnd.

Sævar Benediktsson flutti skýrslu skemmtinefndar í fjarveru formanns, sjá fylgiskjal nr. 5.

Engar fyrirspurnir voru um skýrslurnar. Voru þær undirritaðar og verða lagðar í skjalasafn.

#### 6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

##### 7. Kosning formanns og varaformanns

Hrefna Díana Viðarsdóttir var ein í framboði til embætti formanns og var hún því sjálfkjörin.

Engin framboð til embættis varaformanns höfðu borist fyrir fundinn. Inga Jóna Óskarsdóttir bauð sig fram á fundinum og var hún kjörin með lófataki.

##### 8. Kosning meðstjórnenda

Harpa Þráinsdóttir sat áfram en hún var kosin til tveggja ára 2018. Fjögur framboð til embættis 2ja meðstjórnenda komu fram á fundinum. Í framboði voru Nanna Guðrún Marínósdóttir, Sonja Kjartansdótti, María Þórsdóttir og Eva María Guðmundsdóttir. Var kosning leynileg. Greidd voru 31 atkvæði og kosningu hlutu Sonja Kjartansdóttir og Nanna Guðrún Marínósdóttir.

##### 9. Kosning varamanna í stjórn

Kjósa þurfti tvo varamenn í stjórn. Eva María Guðmundsdóttir og Magdalena Lára Gestsdóttir buðu sig fram og voru samþykktar með lófataki.

##### 10. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara

Guðbjörg Anna Jónsdóttir og Særós Guðnadóttir buðu sig fram til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn og Inga Jóna Óskarsdóttir bauð sig fram til vara. Var seta þeirra samþykkt með lófataki.

##### 11. Kosning nefnda

###### a. Fræðslunefnd og varamenn

Klara Sigurbjörnsdóttir, Erna Jónsdóttir, Fjóla Hrönn Guðmundsdóttir og Djurdja Kristjana Hrkalovic buðu sig fram til áframhaldandi setu svo kosið var um eitt sæti í nefndinni. Eva María Guðmundsdóttir og Bryndís Björk Karlsdóttir buðu sig fram. Greidd voru 29 atkvæði og hlaut Eva María Guðmundsdóttir kosningu.

Guðborg Eyjólfsdóttir og Þórunn Bjarnadóttir buðu sig fram til varamennsku í nefndinni og voru þær kosnar með lófataki.

**b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn**

Jóhanna Árnadóttir bauð sig fram til áframhaldandi setu í nefndinni. Guðrún Bergmann Vilhjálmsdóttir og Elín Pálmadóttir buðu sig fram og voru þær kosnar með lófataki. Sigrún Arna Aradóttir og Guðríður Svavarsdóttir hlutu kosningu sem varamenn til eins árs.

**c. Skemmtinefnd**

Jóhanna Árnadóttir og Guðborg Eyjólfsdóttir buðu sig fram til áframhaldandi setu í nefndinni. Ingibjörg Fells Elísadóttir bauð sig fram í skemmtinefnd. Voru þær kosnar með lófataki.

**12. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs**

Ritari félagsins, Hrefna Díana Viðarsdóttir, kynnti fjárhagsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár, sjá fylgiskjal nr. 7. Var fjárhagsáætlun samþykkt einróma.

**13. Tillaga stjórnar um félagsgjald og inntökugjald næsta reikningsárs**

Stjórn lagði til að félagsgjald yrði óbreytt, kr. 13.000. Var það samþykkt með þorra atkvæða gegn einu og tveir sátu hjá.

**14. Önnur mál**

Sævar Benediktsson þakkaði fyrir samstarfið og óskaði félaginu áframhaldandi velgengni.

Rætt var um fjölgun og endurnýjun félagsmanna og hvað sé gert eða hægt að gera til að laða að nýja félagsmenn. Kom fram að fyrstu 10 árin hafi stjórn kynnt félagið fyrir nemendum í viðurkenndum bókara í upphafi náms þeirra og svo verið við útskrift. Það hafi gefið góða raun.

Rætt um árgjald, 2000 kr. skráningargjald, og kostnað við endurkomu félaga sem hefur hætt.

Var endurmenntun rædd og punktakerfi henni tengt. Kom fram að félagsmenn geti sent afrit reiknings til félagsins sem staðfestingu á endurmenntun. Fá félagar einn punkt fyrir hverja klukkustund sem þeir sækja af endurmenntun.

Voru félagsmenn almennt ánægðir með góðan anda í félaginu og var fræðslunefnd sérstaklega þakkað fyrir góð störf.

Formaður þakkaði fráfarandi nefndamönnum fyrir vel unnin störf og óskaði nýkjörnum nefndum og stjórn velfarnaðar á komandi starfsári. Þá þakkaði formaður félögum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 18:49.

*Aðalheiður Rúnarsd.*

Aðalheiður Rúnarsdóttir, fundarritari